

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

1. gr.

Á eftir 10. mgr. 47. gr. reglnanna bætist við ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Fagháskólanám. Þrátt fyrir ákvæði 2., 3. og 4. mgr. skal eftirfarandi gilda um háskólaárin 2018-2019, 2019-2020 og 2020-2021: Öðrum en þeim sem uppfylla skilyrði um inntöku í grunnnám í Háskóla Íslands má í tilraunaskyni heimila að hefja skilgreint fagháskólanám sem skipulagt er af háskóladeild og leitt getur til inntöku í grunnnám til prófgráðu í viðeigandi námsleið. Fagháskólanám er að lágmarki 60 eininga nám á faglegri ábyrgð deildar og að jafnaði skipulagt sem tveggja ára nám með starfi og eftir atvikum 30 eininga starfsþjálfun til viðbótar. Standist nemandi námskröfur fagháskólanámsins getur hann hafið grunnnám til prófgráðu (bakkalárgráðu) í viðeigandi námsleið og fengið 60 eininga fagháskólanámið metið sem hluta af því námi.

Við inntöku í fagháskólanám skal við það miðað að umsækjandi hafi þriggja ára starfsreynslu í viðeigandi starfsgrein og hafi aflað undirbúnings sem telst eftir atvikum sambærilegur við þann sem felst í staðfestri námsbraut fyrir leikskólaliða (leikskólalabru) samkvæmt gildandi aðalnámskrá framhaldsskóla. Hliðstæðar kröfur eiga við um inntöku nemenda í annað fagháskólanám sem kann að verða skipulagt í tilraunaskyni. Viðkomandi deild tekur ákvörðun um inntöku í fagháskólanám í samráði við sviðsstjóra kennsluviðs.

2. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar í samræmi við lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 23. október 2018.

Jón Atli Benediktsson.

Þórður Kristinsson.